Mis

# Gjördabók

„Ungmennafélags Hofd

Fremanga"

4120

# Gjörðabók Ungmennafélags Höfðstrendinga

Byrjuð 1919.

Ár 1919. Sunnud. þ. 23 nóv. var fundur
settur og haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrendinga
í Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Fundarstjóri (Ing. Þorleifss.) talaði um söngkenslu
innan fél. og var því hlyntur að reynt yrði að fá
söng kendan í fél. Kristinn Erlendsson stóð
þá upp og mælti einnig með því a. m. k. að fimm
reglu yrði hætt að byrja og enda fundi með söng

2. Þá var fundargerð frá síðasta fundi komin og
var hún lesin upp og samþ. án breytinga.

3. Kristinn Erlendsson talaði um að nauðsyn
bæri til að ~~[illegible]~~ yrði höft á dansskemtunum
sem haldnar væru hjer, en verið hefði. Taldi þær
skemtanir haldnar óþarflega oft, og þó hitt verra, að
þjaltan væri byrjað fyr en um háttatíma, og
ekki hætt fyr en undir morgun. Taldi hann
líka rétt að við slíkar skemtanir væri kvenfólk
jafnt og karlmenn látið bera kostnaðinn, því allir
hefðu jafnan rétt til skemtunarinnar og þessvegna
væri sanngjarnt að allir bæru kostnaðinn jafnt.
Um þetta urðu talsverðar umræður, og skiftar
skoðanir, og kom loks fram tillaga frá málflytjanda
um að kosin yrði 3ja manna nefnd, til að sjá
um að dansleikir væru byrjaðir ekki síðar en kl. 7–8
og hættu stundvíst kl. 12. Eftir nokkrar umræður
var tillagan samþykt með 10 atkv. gegn 4

Kosningu hlutu
Kristján Þorsteinsson Naustum
Kristinn Erlendsson Hofsós
Friðrik Jónsson Hólakoti

4. Skafti Stefánsson gat þess að fjelagsstjórnin
hefði leigt húsið til fundarhalda og einnig
keypt hreinsun á húsinu. (samþykt)
Næst kom fram tillaga frá Kr. Erlendssyni, um að
kosin yrði nefnd til að sjá um að koma heim eldsneyti
og sjá um upphitun, og var stjórn fjelagsins falið, í
samráði við áðurkosna nefnd, að sjá um það

5. Kristinn Erlendsson mintist á, hvort fjelagið myndi
ekki hugsa til að halda skemtun á þessum vetri, Eftir
nokkrar umræður var málinu frestað til næsta fundar.

6. Fundarstjóri til næsta fundar, var tilnefndur
Pétur Stefánsson Nöf, og nefndi hann til ritara, þá
Indriða. Stefánsson Nöf, og Kristján Þorsteinsson Naustum
Málefnanefnd. Kr. Erlendsson, Eyþór Hallsson. Jóhann Eiríksson
Fleira gerðist ekki á fundinum og var því
fundi slitið

Ingólfur Þorleifsson
(fundarstjóri)

Árni Guðmundsson
Árni Jóhannsson
(ritarar)

Ár 1920. sunnud. þ. 11. janúar, var fundur settur og haldinn í „Ungmennafél. Höfðstrendinga" í þinghúsinu á Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.
2. Í félagið gekk. Sigurður Jónsson Miðhúsi
3. Skemtisamkoma. Mál þetta lá fyrir fundinum frá síðasta fundi, og hafði Kristinn Erlendsson haft framsögu í málinu. Urðu nokkrar umræður um málið, og var talað um að hafa skemtunina fyrir fjelagsmenn sjálfa, en ekki utanfélagsmenn, eins og verið hafði undanfarna vetur, og stungu menn upp á að hafa til skemtunar fyrirlestur söng og dans.

Var þá næst borið undir atkvæði, hvort menn vildu ekki hafa skemtunina og var það samþykt. Svohljóðandi tillaga var borin upp af framsögumanni málsins:

„Fundurinn er því samþykkur, að
„skemtun verði haldinn innan félagsins
„og nefnd sú er kosin verður, sjái um
„allar framkvæmdir á henni.

Var því næst tillagan borin undir atkvæði, og samþykt, því næst var kosið í nefndina, og hlutu kosningu

Kristinn Erlendsson með 11. atkv.
Skafti Stefánsson " 11 "
Stefán Guðmundsson " 8 "
Árni Jóhannsson " 8 "
Vilh. Erlendsson " 8 "

Var því næst málið tekið út af fundinum.

4. Bar því næst Eyþór Hallsson upp svohljóðandi mál fyrir fundinn „Upp á hvaða mann haldið þið mest, sem Njála ræðir um"? Urðu litlar umræður um málið, og var málinu frestað til næsta fundar.
5. Leikfimi. Framsm. Björn Jónsson Bæ.

Talaði hann um að hann myndi geta útvegað kennara, til að kenna leikfimi. Urðu töluverðar umræður um málið, og flestir sem töluðu hjeldu að verst myndi vera að fá hús til að kenna leikfimi í.

Kom því næst tillaga frá framsögumanni málsins svo hljóðandi:

„Fundurinn leggur til að kosin
„sje 3ja manna nefnd, til að sjá
„um að koma leikfimi á í fjelaginu

Var því næst tillagan borin undir atkvæði og samþykt.

Því næst var fundarstjóra falið að nefna

kynta manninn í nefndina, og svo hver af þeim, og hlutu þessir kosningu

Björn Jónsson Bæ

Pétur Stefánsson Nöf

Vilh. Erlendsson Hofsós

Var því næst borið undir atkvæði; hvort menn væru ekki samþykkir nefndarskipuninni og var það samþykt.

6 Einnig talaði Skafti Stefánsson um, hvort menn væru því ekki samþykkir að mór sá er félagið átti yrði seldur gegn góðu verði: Var það borið undir atkvæði; og samþykt.

Nefndi þá formaður starfsmenn til næsta fundar. Fundarstj. Stefán Guðmundsson, og nefndi hann til ritara þá Björn Jónsson Hofsós og Jóhannes Stefánsson Bæ.

Málefnanefnd

Árni Jóhannsson Árni Guðmunds

Sigurður Jónsson. Skemtinefnd

Skafti Stefánsson Bjarni Sigurðsson Björn Jónsson

Fleira gerðist ekki á fundinum og var því fundi slitið

Pétur Stefánsson
Fundarstj

Eindriði Stefánsson
(ritari)

---

Ár 1920 sunnud. þ. 8. febr. var aðalfundur settur og haldinn í Ungmennafélagi Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós. Fundinum stjórnaði varaformaður félagsins Kristján Ágústsson

Þessar voru gjörðir fundarins:

1 Samþykt að veita Þorgrími Hermannssyni inngöngu í fjelagið

2. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþykt athugasemdalaust.

3. Jósafat Sigfússyni og Jóhanni Sigfússyni á Hofi veitt inngang í fjelagið.

4. Lesinn upp reikningur yfir tekjur og gjöld fjel. á þessu síðasta starfsári. Bar reikningurinn það með sjer, að eignir fjelagsins námu 405,35. Umtal varð um móupptekt, sem gjörð var fyrir fjelagið og þótti sumum of miklu til kostað, að öðru leiti voru reikningarnir samþyktir án breytinga.

5. Lagður fram reikningur yfir kostnað við skemtisamkomu sem fjel. hjelt þ. 24. jan. síðastl. Gjald á þátttakanda varð kr. 1,34. Reikningurinn samþyktur í einu hljóði.

6. Lesin upp lög fjelagsins til endurskoðunar. Tillaga kom frá Vilh. Erlendssyni um breytingu á 8. gr. laganna svohljóðandi.

"Fundurinn samþykkir viðbót við 8. gr. laganna,

sem orðist svo — Enginn er skyldur að
sitja lengur í stjórn fjelagsins, en 3 ár
og getur hann neitað kosningu í næstu
3ju ár."
Breytingartillaga kom frá Kristinn Erlendssyni
að kjósa mætti hvern fjelagsmann, eftir að hafa
verið 1 ár utanstjórnar. Með þessari breytingu var
tillagan samþykkt með þorra atkvæða. —
Þá kom tillaga frá Bjarni Jónssyni Bæ, studd
af Pjetri Stefánssyni, svohljóðandi:
"Fundurinn leggur það til, að gengið sje til
atkv. viðvíkjandi inntöku vínbanns innan fjel.
Tillagan var feld með 17 atkv. gegn 13 — Þá voru
lög fjelagsins borin undir atkv. í heild, og samþykt
í einu hljóði
7. Björn Jónsson í Bæ gat þess fyrir hönd leik-
fimnisnefndar, að leikfimnis kensla gæti ekki
fram farið vegna húsnæðisleysi. Hreppsnefndin
hafði neitað að lána þinghúsið.
8. Umræður hófust um það hvort fund. vildi ekki
heimila að fjel. kysi sjer heiðursfjelaga. Máls-
hefjandi var Björn Jónsson í Bæ. Samþ. að fresta
umræðum til næsta fundar.
9. Kosning fór fram í stjórn fjelagsins, og hlutu
þessir kosningar.

Skafti Stefánsson Nöf með 20 atkv.
Árni Jóhannsson Hofsós — " — 15 — " —
Ásta Ólafsdóttir sst — " — 10, — " —
Varastjórn:
Kristinn Erlendsson Hofsós með 9 atkv.
Kristján Ágústsson sst. — " — 8 — " —
Konráð Jónsson Bæ — " — 6 — " —
Dómnefnd Endurkosin
Endurskoðendur Friðrik Jónsson Hólakoti
Jónas Guðmundst Hofsós
Málefnanefnd Endurkosin
Skemtinefnd Björn Jónsson Bæ
Pjetur Jónsson Þangst.
Jónas Guðmundss Hofsós
Fleira var ekki gjört á fundinum
Mættu fjelagsmenn 40.
Fundi slitið
Kristj. Ágústss (fundarstj.) Vilh. Erlendsson (ritari)

Ár 1920 sunnud. þ. 21 marz var fundur settur og haldinn
í „Ungmennafjelagi Höfðstrendinga" í Hofsós
Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar (aðalfundar)
og samþykt án breytinga.

2. Þá var tekið fyrir mál er lá fyrir fundinum, frá Eyþóri Hallssyni, svohljóðandi: Hvaða persónur úr Njálssögu hefir fundurinn mest álit á? Um málið urðu nokkrar umræður, og var það þvínæst tekið útaf dagskrá.

3. Björn Jónsson í Bæ lagði fyrir fundinn næsta umræðuefni, um það hvort ekki væri rjett að fjelagið gengist fyrir að halda einhverja skemtun á sumardaginn fyrsta eins og venja hefði verið undanfarin ár. Fjekk málið góðar undirtektir, og var kosin 5 manna nefnd til þess að sjá um skemtunina, og átti sú nefnd að hafa ótakmarkað einveldi í málinu, og rjett til að krefjast aðstoðar fjelagsmanna eftir þörfum.

Þessir hlutu kosningu

Björn Jónsson Bæ með 6 atkv
Ásta Ólafsdóttir Hofsós — 6 —
Sigurður Jónsson Miðhúsi — 5 — } Eftir hlutkesti
Skafti Stefánsson Nöf — 5 — }
Árni Jóhannsson Hofsós — 5 — }

4. Formaður tilnefndi fundarstjóra til næsta fundar Eyþór Hallsson Hofsós, og nefndi hann til ritara Indriða Stefánss. Nöf og Kristján Ágústsson Hofsós

Skemtinefnd — Haraldur Ólafss. Agnar Magnúss Björn Jónss Bæ
Málefnanefnd — Endurkosin

Fleira gjörðist ekki á fundinum og var því fundi slitið

Skafti Stefánsson
Árni Jóhannsson (ritarar)

Stefán Guðmundsson
(fundarstj.)

Fimtudaginn þann 1. april 1920 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjl. Hofsstrendinga í þinghúsinu á Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykt án breytinga

2. Skafti Stefánsson gat þess, að nefnd hefði verið falið, að skrifa upp helstu framkvæmdarmál sem samþykt hefðu verið á fundum undanfarið og leggja þau svo fyrir fund síðar, og gat hann helstu málanna, svo sem sundi, garðrækt, unglingaskóla, og margra fleiri mála, en aðallega spunnust umræður að þessum þrem úrdangreindum málum. Urðu talsverðar umræður um málin og þar sem flestir sem töluðu álitu sundkenslumálið, eina málið sem eitthvað væri hægt að gera fyrir, var samþykt svohljóðandi tillaga í málinu frá Friðrik Jónssyni.

Fundurinn leggur það til að kosin sje þriggja manna nefnd, til að athuga hvort ekki sje hægt að koma á sundkenslu á næstu árum.

Því næst var tillagan borin undir atkvæði og samþykt svo var kosið í nefndina og hlutu þessir kosningu.

Skafti Stefánsson 4 atkv.
Björn Jónsson Bæ 3 –
Barða Jónss. Grafargerði 3 –

3. Nefndi því næst formaður starfsmenn til næsta fundar; fundarstjóra Harald Ólafsson, og nefndi hann til ritara Barða Jónsson og Fridrik Jónsson

Málefnanefnd
Jósafat Sigfússon
Guðlaug Jónsdóttir
Árni Jóhannsson

Skemtinefnd endurkosin

Fleira gjörðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri, fundi slitið

Eyþór Hallsson
(fundarstjóri)

Indriði Stefánsson
(ritari)

Sunnudaginn 7. nóvember ~~1~~ 1920 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjelagi Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp, og samþykt án breytinga.
2. Árni Jóhannsson gat þess að stjórnin væri búin að fá húsið leigt til fundarhalda, næstkomandi vetur fyrir sama gjald og verið hefði, sem sje 25 kr. og tvær skemtanir fríar.
3. Vilhelm Erl. gjörði fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún væri búin að sjá fjelaginu fyrir eldsneyti og ræstingu á húsinu á komandi vetri, og gat þá stjórnin þess, að svo væri ekki, og urðu um það nokkrar umræður.
4. Kom þá fram tillaga frá Indriða Stefánssyni þess efnis, að rjett væri að fela stjórninni, að sjá um hita og ræstingu á húsinu eins og verið hefði, og var hún samþykt.
5. Árni Jóhannsson gat þess, hvort ekki væri rjett að ræða um framtíðarstarfsemi fjelagsins, var þá sundkenslu málið tekið til umræðu; var nefnd kosin í það málefni áður, en sökum þess að tveir menn úr nefndinni eru fjarverandi, kom fram tillaga frá Kristinn Erlendssyni að kosnir væru tveir menn í stað þeirra sem fjarverandi væru, til þess að starfa fyrir málið, og var hún samþykt.
6. Fór þá fram skrifleg kosning og hlutu þessir kosningar
Kristinn Erlendsson með 7 atkv.
Árni Jóhannsson – 6. –
7. Þá bar fundarstjóri upp undir fundinn, hvort Elín Hermannsdóttir gæti eigi fengið inngöngu í fjel. =

= og var það samþykt með öllum greiddum atkv.
6 Kristinn Erlendsson nefndi starfsmenn til næsta fundar, til fundarstjóra Þorvaldinu Árnadóttur og nefndi hún til ritara Guðrúnu Sigurðardóttur og Guðbjörgu Björnsdóttur.

í Málfundanefnd voru kosnir
Kristján Ágústsson
Pjetur Stefánsson
Friðrik Jónsson

í Skemtinefnd voru kosnir
Árni Jóhannesson
Pjetur Jónsson
Indriði Stefánsson

Fleira gerðist ekki á fundinum

Fundi slitið.
Fundarstjóri Haraldur Ólafsson

Ritarar

Friðrik Jónsson
Stefán Guðmundsson

Sunnudaginn þann 21. november 1920 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.

2. Fundarstjóri las upp nefndarálit.
Nefndin leggur til að fengin verði hæfur maður, til að athuga hvort ekki mundi tiltækilegt að koma upp sundpolli hjer í grend.
Áliti þessi maður að hagt sje að koma upp sundpolli, leggur nefndin til, að reynt verði að fá styrk úr sýslusjóði, og málinu haldið til framkvæmda á næsta vori.
Hofsós 14/20 1920 Árni Jóh. Kristinn Erl. Sk[illegible] Stef.

Um þetta urðu töluverðar umræður; svo kom fram tillaga frá Kristj. Ágústs., að sömu menn störfuðu áfram í nefndinni, og var hún samþykt.

3. Kristján Ágústss. kom með málefni, hvort ekki væri rjett að fjelagið gengist fyrir að halda skemtun á milli jóla og nýárs, eða einhverntíma í vetur, fjekk málið góðar undirtektir, og kom fram tillaga frá Kristjáni að kjósa nefnd til að sjá um skemtunina, og var hún samþykt. Því næst var kosin skriflega 7 manna nefnd

Og hlutu þessir kosningar
Kristján Ágústsson með 10 atkv.
Ásta Ólafsdóttir — 10 —
Kristinn Erlendss. — 10 —
Skafti Stefánss. — 9 —
Guðbjörg Björnsd. — 7 —
Guðrún Sigurðard. — 7 —
Árni Jóhannes. — 7 —

4. Formaður fjel. tilnefndi starfsmenn til næsta fundar.
Fundarstjóra Eyþór Hallsson, og nefndi hann til ritara
Kristján Ágústs. og Harald Ólafsson

Málefnanefnd
Kristinn Erlendsson
Friðrik Jónsson
Pjetur Stefánsson

Skemtinefnd
Harald Ólafsson
Ástu Ólafsdóttur
Guðbjörgu Björnsd.

Fleira gerðist ekki á fundinum, var því fundi slitið

Guðrún Sigurðard. — Þorvaldína Árnadóttir (fundarstj.)
Guðbj. Björnsd. (ritarar)

Sunnudaginn 5. desember 1920, var fundur settur og haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrendinga, í þinghúsinu í Hofsós.
Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.
2. Pjetur Stefánsson lagði því næst til umræðu fyrir fundinn hvort betra væri fyrir pilt eða stúlku að hafa sig áfram í heiminum, sem ekki hefði fyrir öðrum að sjá en sjálfu sjer. Um það urðu daufar umræður, þó ljetu nokkrir menn álit sitt í ljósi, og komu fram skiftar skoðanir á málinu, ekki kom tillaga fram, og var málið eftir dálitlar umræður tekið út af dagskrá.
3. Fundarstjóri las því næst upp svo hljóðandi nefndarálit um fyrirhugaða skemtun í fjel.
1. Nefndin leggur til að skemtun í Ungmennafjel. verði þriðjudag eða miðvikudag milli jóla og nýárs
2. Að skemtunin verði opinber og seldur aðgangur, og það sem inn kemur verði lagt í fjelagssjóð.
3. Allir þeir fjelagsmenn, er ekki vinna að skemtuninni borgi aðgang sem utanfjelagsmenn.
Í nefndinni voru
Kristján Ágústsson Árni Jóhannesson Kristinn Erl.
Skafti Stefánss. Ásta Ólafs Guðbjörg Björnsdóttir
Guðrún Sigurðardóttir.
Eftir talsverðar umræður var nefndarálitið borið upp og samþ. án breytinga

4. Var því næst gjörð fyrirspurn til nefndarinnar hvort hún hefði tryggt sjer nokkurstaðar kaffi sölu, á fyrirhugaðri skemtun í fjelaginu. Og kom það fram, að það hefði lítillega verið minst á það, en ekkert afráðið. Um það, hvernig sjeð yrði fyrir veitingum á fyrirhugaðri skemtun, urðu miklar umræður; hjeldu tveir menn á fundinum því fram, að fjelagið sjálft ætti að reyna að sjá um veitingar, um skemtunina, voru flestir eindregið á móti því, og töldu ekki gjörlegt að reyna það, nema ítrasta neyð, sem menn vonuðu að ekki kæmi til, í þetta skiftið. Að einhver fjelagsmaður fengist til að selja veitingar, var af flestum talið áreiðanlegt

5. Eftir tilmælum nokkura manna kom tillaga frá Birni Jónss. svohljóðandi

Fundurinn leggur til að fjelagið í heild sinni sjái um veitingar á fyrirhugaðri skemtun í fjelaginu.

Bar fundarstjóri því næst upp tillöguna, og var hún feld með miklum meiri hluta atkvæðagreiðslu.

6. Kristinn Erlendsson kom því næst með málefni, og var því frestað til næsta fundar, málefnið var, að stofnaður yrði sjúkrasjóður í fjelaginu, sem notaður yrði svo handa fjelagsmönnum ef með þyrfti.

Nefndi formaður fjel. því næst starfsmenn til næsta fundar, til fundarstjóra Jónas Guðmundsson og nefndi hann til ritara Björn Jónsson og Ingólf Þorl.

Í málefnanefnd

Ingólf Þorleifsson

Björn Jónsson og Eyþór Hallsson

Í Skemtinefnd

Ástu Ólafsdóttur Guðbjörgu Björnsdóttur

og Harald Ólafsson

Sagði fundarstj. því næst fundi slitið

fundarstj.

Eyþór Hallsson

ritari Kristj. Ágústs.

Sunnudaginn 2. Janúar 1921 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjel. Hofsóstrendinga, í þinghúsinu í Hofsós

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.
2. Því næst tók Kristinn Erlendsson til máls, og lagði fram fyrirspurn til Skemtinefndar, hvort reikningar fyrir síðast liðinn skemtun yrðu lagðir fram á fundinum. Formaður Skemtinefndar svaraði því; að reikningarnir væru ekki tilbúnir að svo stöddu.
3. Málefni kom fyrir fundinn frá Kristni Erlendssyni, þess efnis að styrkja Lestrarfjelag Hofshrepps, með dálitlum fjárstyrk, um þetta mál urðu mál urðu all miklar umræður.

Tillaga kom frá framsögumanni þess efnis, að Ungmennafjel. styrkti Lestrarfjel. með 50,00 kr. Tillagan var borin upp, og feld með 11 atkv. gegn 7. Því næst kom tillaga frá Pjetri Jónssyni þess efnis, að gerð væru samskot innanfjel. til að styrkja Lestrarfjel. var sú tillaga feld, með 7 atkv. gegn 4.

4. Fyrir fundinum lá málefni um stofnun á sjúkrasjóði, um það urðu nokkrar umræður, var svo kosin nefnd í málið til að starfa í því framvegis, hlutu þessir kosningu.

Kristinn Erlendsson með 11 atkv.
Skafti Stefánsson — 8 —
Kristján Ágústsson — 5 —

5. Björn Jónsson lagði fram málefni til næsta fundar.
6. Formaður fjelagsins nefndi starfsmenn til næsta fundar.

Til fundarstjóra Jónas Vilmundsson, og nefndi hann til ritara.

Eyþór Hallsson og Indriða Stefánsson

Í málefnanefnd

Pjetur Jónsson Eyþór Hallsson
og Ingólf Þorleifsson

Skemtinefnd frá síðasta fundi, endurkosin
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og sagði fundarstjóri fundi slitið.

Ingólfur Þorleifsson
Kristján Þorsteinsson
(ritarar)

Jónas Guðmundsson
(fundarstjóri)

1921.

Sunnudaginn 30. janúar var aðal fundur haldinn í Ungmennafjelagi Höfðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykt án breytinga.
2. Því næst las fundarstjóri upp þrjár skriflegar úrsagnir úr fjel. frá Vilhelm Erlendssyni, Kristni Erlendssyni og Pálínu Þorleifsdóttur
3. Upp voru lesnir reikningar yfir útgjöld og tekjur sem orðið höfðu við skemtun, sem haldin var milli jóla og nýárs (til ágóða fyrir Ungmennafjel.) Reikningarnir voru endurskoðaðir, og því ekkert við þá að athuga, voru þeir svo samþyktir með öllum atkv. Næst voru lesnir upp ársreikningar fjel. líka endurskoðaðir, fundu menn ekkert við þá að athuga, og voru þeir því samþyktir rjettir.
4. Lög fjel. lesin upp öllu í einu, og svo grein fyrir grein, og hver grein útaf fyrir sig samþykt. Lögin voru samþykt með lítilli breytingu á einni grein þeirra.
5. Einn meðlimur bættist við í fjel. á þessum fundi, það var Baldvin Kristins
6. Því næst var kosin skriflega stjórn í fjelagið, og hlutu þessir kosningu.

Árni Jóhannsson með 18 atkv.
Ásta Ólafsdóttir — 9 —
Jónas Guðmundsson — 9 —

Í varastjórn

Kristján Ágústsson með 7 atkv.
Friðrik ~~Jónsson~~ — 6 —
Skafti Stefánsson — 6 —

Í dómnefnd voru kosin.

Stefán Guðmundsson
Guðrún Sigurðardóttir
Pjetur Jónsson
Lára Ásmundsdóttir
Þorsteinn Stefánsson

7. Fyrverandi form. fjel. mintist á þrjú málefni, sem áður hafði verið samþykt að kom til framkvæmda, svo fljótt sem tök yrðu á, málefnin voru Sundkenslum, Jarðræktunaráh., og Sjóðstjálmsson.

8. Tilboð hafði komið frá Friðriki á Breiðsá, um að nota sundpoll á komandi vori útí Sljettuhlíð, í fjelagi við þá útfrá Engið gáfu sig fram sem þátttakendur, var málið því tekið útaf dagskrá.

9. Í sundmálsnefndina var kosinn þriðji maður Ingólfur Þorleifs í stað Kristins Erlendssonar, er gekk úr fjel.

10. Málefni kom frá Bjarni Jónssyni, um það hvort menn hjeldu að til væri Huldufólk. Um það var talsvert rætt, en ekki gengið til atkv.

11. Málefni til næsta fundar kom Pjetur Jónsson með, var það Fótboltamálið

12. Starfsmenn voru kosnir til næsta fundar, og nefndi formaður í málefnanefnd: Jónas Guðmundss, Sigurð Jónsson, og Friðrik Jónsson. Til fundarstj. Jón Vilmundar og nefndi hann til ritara Eyþór Halls, og Indriða Stef. Sagði því næst fyrv. form. fjel. fundi slitið.

Kristján Jó. Ágústsson
(ritari)

(Skafti Stefánsson)
fundarstjóri

Sunnudaginn 6. Mars var aukafundur settur og haldinn í Ungmennafjel. Hofðstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykt án breytinga

2. Pjetur Jónsson lagði fram málefni um knattspyrnu. Urðu um það nokkrar umræður. Kom svo hljóðandi tillaga frá Ásma Jóhannssyni.

Fundurinn leggur til, að stjórn fjelagsins grenslist eftir hvort þátttaka mundi fást innan fjelagsins í útileikjum, knattspyrnu o.fl. Fáist nægileg þátttaka, sje stjórninni falið útvegun á nauðsynlegum áhöldum. Tillagan var studd af Skafta Stefánssyni

Tillagan var borin upp og samþykt

3. Ingólfur Þorleifsson hóf máls á því hvað fáir tölúðu á fundum. Urðu um það nokkrar umræður, í sambandi við þær kom svohljóðandi tillaga frá Ásma Jóhanns

Fundurinn leggur til að fundarstjóri nefni 1 mann til upplestrar í byrjun fundar.

Breytingartillaga kom frá Pjetri Stefánssyni svohljóðandi

Form. fjel. nefni mann til upplestrar

Breytingartillagan var feld, en hin samþykt.

4. Pjetur Jónsson gat þess að æskilegt væri að fjelagið eignaðist flagg. Urðu um það talsverðar umræður, og málinu því næst frestað til næsta fundar, og form. fjel. falið að leita upplýsinga því viðvíkjandi

5. Jónas Guðmundsson tilkynti að áðurgerð pöntun á ljósáhaldi til Hafskirkju, hafi verið afturkölluð en önnur gerð í samráði við Sóknarnefnd Hafshrepps.

6. Árni Jóhannsson talaði um að fjelagið gengist fyrir skemtun um páskana. Urðu um það nokkrar umræður, og enduðu með svohljóðandi tillögu, frá framsögumanni.

Fundurinn leggur til að kosin sje 5 manna nefnd, til athuga hvort tiltækilegt væri, að halda skemtisamkomu um páskana, og með hverju hægt væri að skemta. Álit nefndarinnar verði lagt fyrir næsta fund. Tillagan var studd af Pjetri Jónssyni

Var tillagan því næst borin upp, og samþykt. Fór svo fram nefndarkosningin, og hlutu þessir kosningu

Árni Jóhannsson
Sigurður Jónsson
Ingólfur Þorleifsson
Jónas Guðmundsson
Jón Vilmundsson

7 Nefndi form. því næst starfsmenn til næsta fundar Til fundarstjóra Sigurð Jónsson Brekkum, og nefndi hann til ritara Jósafat Sigfússon og Harald Ólafsson Indriði Stefánsson var tilnefndur upplestrarmaður til næsta fundar. Skemtinefnd og Málefnanefnd skyldu starfa áfram. Fleira gerðist ekki á fundinum, og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Jón Vilmundsson
(fundarstjóri)

Pjetur Jónsson og Jónas Guðmundss.
(ritarar)

Ár 1921 sunnudaginn þ. 13. mars, var fundur haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrendinga, á venjulegum stað, og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga

2. Árni Jóhannsson gat þess fyrir hönd skemtinefndar er kosin var á síðasta fundi, að nefndin hefði komist að þeirri niðurstöðu, að ekki myndi verða hægt að halda skemtisamkomu að þessu sinni. Nokkrar umræður urðu um málið, og kom fram tillaga að lokum frá Kristjáni Ágústssyni svohljóðandi.

Fundurinn telur æskilegt að haldin verði innbyrðis skemtisamkoma, á skírdag í fundarformi.

Til framkvæmda í þessu efni var kosin 5 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu

Árni Jóhannsson, Skafti Stefánsson
Kristján Ágústsson, Pjetur Jónsson
og Jónas Guðmundsson.

3. Þorsteini Kristinssyni veitt inntaka í fjelagið.

4. Árni Jóhannsson gat þess að 13 manns væri búið að skrifa sig sem þátttakendur í væntanlegu knattspyrnufjelagi, og væri því óhætt að panta fótbolta sem fyrst.

5. Eftir tillögum Árna Jóhannssonar var samþykt að útvega fjelaginu fána, og samkvæmt tillögu Pjeturs Jóns.

var stjórn fjelagsins falið að útvega hann.
6. Jónas Guðmundsson vakti máls á húsbyggingu, og
taldi nauðsyn á að því yrði haldið vakandi að
fjelagið reyndi að koma sjer upp einhverju skýli.
Eftir nokkrar umræður kom fram tillaga frá
Pjetri Jónssyni, svohljóðandi.
Fundurinn leggur til að kosin sje
þriggja manna nefnd til að halda
byggingarmálinu vakandi.
Tillagan samþykt. Kosnir voru, Árni Jóhannsson
Jónas Guðmundsson og Skafti Stefánsson.
7. Til fundarstjóra næsta fundar var kosinn Friðrik Jónss.
nefndi hann til skrifara Eyþór Hallsson og Pjetur Stefánss.
Formaður nefndi í málefnanefnd.
Pál Þorleifsson Baldvin Ágústsson
og Bjarna Sigurðsson
en upplestrarmann
Pjetur Jónsson
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundarstj.
fundi slitið.

fundarstjóri
Sigurður Jónsson

ritarar
Haraldur Ólafsson
og Jósafat Sigfússon

(ritarar)

Skírdag þann 24. mars, var fundur settur og haldinn
í Ungmennafjelagi Hofsóstrendinga í þinghúsinu í Hofsós.
Gjörðir fundarins voru þessar
1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykt
án breytinga
2. Indriði Guðjónsson var tekinn sem meðlimur fjelagsins.
3. Pjetur Jónsson las upp spádómsorð um sumarið 1917
4. Árni Jóhannsson hjelt ræðu
5. Baldvin Ágústsson kom með málefni um það hvort
fjelagsmenn væru því ekki samþykkir, að farin yrði
einhver skemtiferð annaðhvort á sjó eða landi, urðu
nokkrar umræður um málið, og flestir sem töluðu
vildu helst að farið yrði til Drangeyjar.
Var því næst borið undir atkvæði hvort menn f. vildu
ekki fara skemtiferðina, og var það samþykt.
Tillaga kom frá Skafta Stefánssyni um að kjósa
þriggja manna nefnd í málið, og koma skemtiferðinni á,
helldur fyr en seinna. Var tillagan samþykt, og hlutu
þessir kosningu í nefndina. Baldvin Ágústsson
Skafti Stefánsson og Jónas Guðmundsson
6. Í sambandi við skemtiferðina gat Pjetur J. þess, að æskilegast
væri að hægt væri að sigla með fjelagsins eigin fána þegar skemti-
ferðin, væri farinn. Urðu nokkrar umræður um það og kom
svo fram tillaga frá Kristjáni Ágústssyni um að fela stjórninni
allar framkvæmdir í fánamálinu. Var tillagan samþ. með 12 atkv. gegn 4.

7. Árni Jóhannsson las upp sögu.
8. Því næst var farið í ýmsa leiki um nokkra stund
9. Skafti Stefánsson hjelt ræðu.
10. Bjarni Sigurðsson las upp sögu
11. Til fundarstjóra næsta fundar var kosinn Þorsteinn Kr.
nefndi hann til ritara Stefán Guðm. og Friðrik Jónss.
Upplestrarmaður til næsta fundar var kosinn Eyþór Hallss.
Í málefnanefnd voru kosnir Jósafat Sigfússon
Bjarni Sigurðsson og Páll Þorleifsson
12. Árni Jóhannsson las upp sögu
Fleyra gerðist ekki á fundinum sagði því fundarstj.
fundi slitið.

fundarstjóri
Friðrik Jónsson

ritarar
Indriði Stefánsson
og Eyþór Hallsson

Sunnud. þ. 30. okt. 1921 var fundur settur og haldinn í U.M.F.H.
Höfða. Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Form. fél. gat þess að fundargj. síðasta fundar hefði ekki fundist og yrði hún því næsta fundar.
2. Árni Jóh. gat þess að komið gæti fyrir að knattspyrnufél. Hólaskóla skoraði á meðlimi ungmennafél. hér að mæta sér í knattspyrnu. Urðu um það nokkrar umræður er enduðu með svohljóðandi tillögu frá Árna Jóh.
„Fundurinn leggur til að kosnir séu 3 menn er sjái um
„knattspyrnuæfingar innan fél. Heimilt sé þeim ef til
„kemur að taka utanfélagsmenn í flokkinn."
Tillagan var studd af Jónasi Guðm. og samþ. með öllum greiddum atkv. Kosningu hlutu

Árni Guðmundsson
Jóhannes Stefánsson Brú
Pétur Jónasson, Hangastöðum

3. Árni Jóh. gat þess að einn félagsm. hefði útvegað leikrit og væri æskilegt að fél. eignaðist það. Borið upp og samþ.
4. Árni Jóh. minntist á að ef fél. hugsaði til að hafa skemtun á þessum vetri að það yrði tekið til athugunar í tíma. Urðu um það nokkrar umræður og kom fram tillaga frá Skafta Stefánssyni svohljóðandi:
„Fundurinn leggur til að kosnir séu 5 menn
„til að athuga skemtiatriði og leggi þeir
„gjörðir sínar fyrir næsta fund."

7. Með tillagan þrí næst komu upp og samþykt
8. kosningu hlutu: Friðrik Jónsson
9. Pétur Jónsson
10. Skafti Stefánsson
11. Stefán Guðmundsson
Kristján Ágústsson

5. Nefndi þann þrí næst starfsmenn til næsta til næsta fundar Málefnanefnd:
Bjarni Sigurðsson Sigurður Jónsson Árni Guðmundsson
Skemtinefnd
12. Ingólfur Þorleifsson Friðrik Jónsson Agnar Magnússon
Fundarstjóri til næsta fundar var nefndur Indriði Stefánsson og nefndi hann til ritara Jón Vilmundsson og F. Jónsson. til upplesturs Harald Ólafsson. Fleira gerðist ekki og var þá fundi slitið

Jón Vilmundsson
fundarstj.

Pétur Jónsson
Haraldur Ólafsson
(ritarar)

Sunnudaginn 13. nóvember 1921 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjelagi Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breytinga.

2. 3 menn gengu í fjel. Ásmundur Einarsson, Jón Ólafsson og Sverrir Magnússon.

3. Jónas Guðmundsson vakti máls á því, hvort ~~fun~~ fundurinn ætti ekki að semja áskorun á skemtinefndina, eða fela það stjórninni.

4. Tillaga kom frá Árna Jóhannssyni, um að stjórn fjel. verði falið, að boða til aukafundar í næstu viku, vegna nefndar þeirrar er kosin var á síðasta fundi, og ekki er mætt. Um það urðu nokkrar umræður og var það svo samþykt

5. Bjarni Sigurðsson gerði fyrirspurn um störf nefndar þeirrar, er kosin var, til að leitast fyrir ~~með~~ að fá styrk og stað til sundkenslu, og taldi hann það víst, að fleiri hefðu orðið meðlimir fjelagsins, ef sund hefði verið kent. Pjetur Jónsson áleit að fundurinn væri of fámennur til að ræða um það, og vildi að sú nefnd sem kosin var, ljeti eitthvað til sín heyra.
Ingólfur Þorleifs. og Árni Jóhannsson voru mættir af þeirri nefnd, og skýrðu þeir frá gjörðum hennar, og þeim

annmörkum sem nefndin sá á því að koma
málinu í framkvæmd.

6. Baldvin Ágústsson bar það upp fyrir fundinn, hvort
fjelagsmenn vildu ekki læra söng, og var lítið um það
rætt.

7. Pjetur Jónsson óskaði að fundarstjóri segði ekki fund-
slitið fyr en ritarar hefðu lokið störfum sínum.

8. Formaður nefndi starfsmenn til næsta fundar
til fundarstjóra Jóhann Eiríksson og nefndi hann
til ritara Árna Jóhannsson og Jónas Guðmundsson
Í málfundanefnd var kosinn í stað Bjarna Sigurðssonar,
Ásmundur Einarsson.
Upplestrarmaður og skemtinefnd endurkosin
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði fundarstj.
því fundi slitið.

Bjarni Sigurðsson
fundarstj.

Jón Vilmundsson
Sigmundur Baldvinsson
(ritarar)

Sunnud. þ. 11/12 1921 var fundur settur og haldinn
í Ungmennafjel. Höfðstrendinga, á venjulegum stað
og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykt
með lítilli athugasemd.

2. Form. skemtinefndar, skýrði frá gjörðum hennar, á
þá leið, að nefndin hefði ekki sjeð að framkvæman-
legt væri að leika, mest vegna vöntunar á kvennfólki
urðu um það talsverðar umræður, og lýstu fundarmenn
vanþakklæti sínu til nefndarinnar fyrir slæma
frammistöðu.

3. Kom þá munnleg tillaga frá Kristjáni Ágústsyni
um að málið yrði tekið út af dagskrá; og var hún
samþykt.

4. Árni Jóhannsson gat þess að tveir menn úr sund-
kenslunefndinni, hefðu gengið hjer með ánni, og
hvergi sjeð hentugan stað fyrir sundpoll, en gott
útlit fyrir að mætti búa til sundpoll milli Ólafs og
Hugljótsstaða, með frekar lítilli fyrirhöfn; urðu
um það nokkrar umræður, og góðar undirtektir

5. Kom þá fram tillaga frá Árna Jóhannssyni svohljóðandi
Fundurinn leggur til að fjelagið láti á næsta
vori vinna að gerð á sundpolli á hinum til-
tekna stað; skal verkið unnið með dagsverkum

frá fjelagsm. sjálfum, kosin sje 3 manna nefnd
er sjái um verkið og gangi eftir dagsverkunum
Árni Jóhannsson

studt af Árna Guðmundssyni.
Tillagan var samþykkt

6. Kom þá fram munnleg tillaga frá Kristjáni Ágústs.
að formanni sundpollsnefndarinnar væri leift
að nefna sjer tvo starfsmenn, í stað þeirra sem
fóru, og var hún samþykkt, nefndi hann þá Harald Ólafs
og Jósafat Sigfússon

7. Kristján Ágústsson gjörði fyrirspurn til formanns
fjel. hvort fáni þess væri ekki í lagi. kvað form.
hann vera geimdann hjá sjer og að öllu leiti til-
búinn að draga hann á stöng.

8. Kom þá tillaga frá Kristjáni Ágústssyni svohljóðandi
að fundarstj. hvers fundar væri falið að taka fánann
hjá form. og draga hann á stöng, svo fjelagsm. geta
sjeð að fundartími væri kominn. og var tillagan samþykt

9. Sigurður Jónsson gjörði fyrirspurn til fundarmanna
hvort ekki mundi vera tök á að koma á tombólu um
þrettándann til ágóða fyrir fjelagið. urðu um málið
tillar umræður, og álitu þeir sem töludu, það ekki
heppilegt að halda tombóla að svo stöddu.

10. Kom þá fram tillaga frá Pjetri Jónssyni svohljóðandi
Fundurinn leggur til að tombólumálið

verði tekið útaf dagskrá ásamt þeim
skemtimálum er komið höfðu til umræðu
á fundinum. Tillagan var samþykt

11. Pjetur Stefánsson óskaði eftir að hugt væri að koma
betra skipulagi á fundarhöld, en hefði verið, að fjel-
menn væru ekki með nein skrípalæti á meðan á
fundi stæði, og gengu ekki út í leifisleysi svo
þyrfti að sækja þá, var svo ákveðið að hafa betri
reglur framvegis á meðan á fundum stæði

12. Nefndi svo form. starfsmenn til næsta fundar
fyrir fundarstj. Pjetur Stefánsson, og nefndi
hann til ritara Ástu Ólafsdóttur og Láru Árnad.
Í málefnanefnd Árna Guðmundsson Jón Vilmundsson
og Jósafat Sigfússon
Upplestrarmann Eyþór Hallsson.
Fleira gerðist ekki á fundinum, og sagði fundarstj.
því næst fundi slitið

Eyþór Hallsson
fundarstj.
Stefán Guðmundsson
Stefán Guðmundsson
Agnar Magnússon
(ritarar)
Árni Jóhansson
(ritari)
Pétur Jónson
Helgi Sigmundsson
Pétur Jónson

Annan dag jóla 1921 var fundur haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og samþykt án breytinga
2. Upplestrarm. Eyþór Hallsson las upp skemtisögu.
3. Í byrjun fundar var enginn mættur af málefnanefndinni, gjörði þá form. fjel. fyrirspurn til fundarm. hvort þeir vildu ekki tala um andatrú eða spiritismann, fyrst ekkert mál lægi fyrir fundinum, hverjir væru með eða mót slíkri stefnu, og gat hann þess að hann ljeti ekki sína skoðun í ljósi fyr en hann fengi að heyra eitthvað til annara, og hvort menn vildu nokkuð um það tala.
4. Um málið urðu miklar og skemtilegar umræður yfir allan fundartímann, og komu fram raddir bæði með og móti.
5. Árni Guðmunds lagði til umræðu til næsta fundar leikfimismál og var þá fundartími á enda
6. Form. fjel. nefndi starfsm. til næsta fundar. fundarstj. Agnar Magnúss. og nefndi hann til ritara Eyþór Halls. og Harald Ólafsson

Í málefnanefnd var bætt við Indriða Stefánssyni í stað Árna Guðmundssonar er skilaði af sjer. Upplestrarmaður Pjetur Jónsson

Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði þá fundarstj. fundi slitið

Pjetur Stefánsson
fundarstj.

Sigurður Jónsson
Kristján Ágústsson
ritarar

Sunnudaginn 8 janúar 1922 var
7. fundur settur og haldinn í Ungmennafélagi
8. -mennafélagi Höfðstrendinga á
9. venjulegum stað og tíma.
10. Gjörðir fundarins voru þessar.
11. 1 Lesin upp fundargjörð síðasta
fundar og samþykt án breitinga.
2 Petur Jónsson las upp kvæði.
3 Jósafat Sigfússon gat þess við fund-
-armenn, hvort ekki myndi vera
12. tiltækilegt að koma á skautafélagi.
Um málið urðu nokkrar umræður,
og var það því næst tekið út af dagskrá.
4 Indriði Stefánsson bar fram máls-
-háttinn, „Margur ætlar mann af sér"
um málið urðu litlar umræður.
Framsögumaður gerði það þá að tillögu
sinni, að taka málið út af dagskrá.
5 Kristján Ágústson gat þess að fram-
sögumaður leikfimismálsins, hefði
beðið þess að ræða ekki málið fyr, en
hann kæmi. En hann var ekki
mættur eftir 2 tíma og var því
byrjað að ræða málið, án þess hann
væri viðstaddur. Um málið urðu

nokkrar umræður. Þá kom tillaga
í málinu frá Kr. Ágústs. svohljóðandi:
„Fundurinn leggur til, að tveim
mönnum verði bætt við framsögumann
til þess, að málið komi vel undir-
búið undir næsta fund."
Og ~~...~~ nefnd: Árni Jóhannsson.
Stefán Guðm. og Friðrik Jónsson með
framsögumanni. Þvínæst var
málið tekið út af dagskrá.
6 Kosin nefnd til að skemta á eftir
aðalfundi. Þessir hlutu kosningu.
Árni Jóhannsson Kristján Ágústs
og Eyþór Hallsson.
Starfsmenn til næsta fundar.
Í málefnanefnd: Jónas Guðm.
Eyþór Hallss. og Agnar Magnússon
Upplestrarm. Agnar Magnúss.
Fleira gerðist ekki á fundinum
og sagði fundarstj. fundi slitið
Agnar Magnúss.
Haraldur Ólafs. (fundarstjóri)
Eyþór Hallsson
(skrifarar)

Sunnudaginn 22. janúar 1922 var Aðal-
-fundur haldinn í „Ungmennafélagi
Höfðstrendinga.“ Gjörðir fundarins voru
þessar.

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykkt. Því næst las form.
félagsins upp úrsagnir frá þessu
fólki: Ástu Ólafsdóttur Guðrúnu
Sigurðard. Láru Árnadóttur
Friðrik Jónss. Marvin Þorleifss
og Páli Þorleifss.

2 Formaður las því næst upp reikn-
-inga félagsins, endurskoðaða.
Peningar og eignir félagsins voru sam-
-kvæmt reikningnum 689 kr 39 aurar
Voru reikningarnir viðurkendir
réttir og því samþyktir.

3 Lesin upp lög félagsins.
Um 12 gr laganna urðu töluverðar
umræður, en engin breitingatill. kom
og voru svo lögin samþykkt.
Tillaga kom frá Árna Jóhanness. studd
af Jónasi Guðm. svohljóðandi:
„ Fundurinn leggur til að nafnalisti
„ félagsmanna sé látinn fylgja á
„ hvern fund og merkt sé við
„ nöfn þeirra er fund sækja á
„ réttum tíma. Sæki félagsmaður
„ ekki ~~fun~~ þrjá fundi í röð, og ef
„ engin (lögleg) forföll eru (fyrir hendi)
„ þá taki dómnefnd mál hans til
meðferðar.“
Tillagan var samþykt með öllum (greiddum)
atkvæðum.

4 Í félagið ~~gek~~ gengu: Anton Kjartansson
og Sveinn Sigurðsson.

5. Því næst voru kosnir ársstarfsmenn
félagsins; fyrst stjórn og hlutu
þessir kosningu: Árni Jóhanns 19 at
Skafti Stefánss 17 atkv. Kristján
Ágústson 15 atkv. Næstir voru:
Jónas Guðmundss með 9 atkv. Pétur
Jónsson með 4 og Jóhannes Stefáns 3 at

6 Í dómnefnd voru kosnir: Pétur Jónss
Stefán Guðmundsson Sigm. Baldvinss
Jónas Guðm. og Jóhannes Stefánsson.

7 Til að endurskoða reikningana:
Pétur ~~Jónsson og~~ Stefánsson og Þorsteinn
Stefánsson.

8 Formaður félagsins Á. J. tók því

næst til máls, og kvaðst hafa verið
7. beðinn að grenslast eftir, hvort
8. ungmennafélagið okkar mundi
9. ekki vilja reina að leggja einhvern
10. lítinn fjárstyrk til stofnunar
11. ~~Rö~~Geisla lækninga á ~~Sau~~ Sauðarkrók
Um málið urðu ~~nokkrar~~ miklar umræður
og eindreginn vilji hjá manna að
reina að gjöra það fyrir málið, sem
þeim fyndist hægt. Tillaga kom
12. frá framsögum. studd af Pétri Jóns
svohljóðandi:
Fundurinn leggur til að kosin sje
þriggja manna nefnd er haldi
málinu vakandi og leiti sér upp-
lýsinga. Nefndin leggji Gjörðir sínar
fyrir næsta fund.
Tillagan var samþykt. Í nefndina
voru kosnir: Árni Jóhanness
Kristján Ágústs. og Pétur Jónsson
9 Næst kom leikfimis málið til
umræðu, og var ekki formaður
þeirrar nefndar mættur, þessvegna
var ekki hægt að gjöra annað ~~að~~
en að kosinn var Eyþór Hallsson

í stað Friðriks Jónssonar er
mistist úr nefndinni.
Var þá fundartími á enda, og af
því að engin málefni lágu fyrir
fleiri, voru kosnir starfsmenn
til næsta fundar, og nefndi formaður
til fundarstjóra Jóhannes Stefánsson
og nefndi hann til ritara S Bjarna
Sigurðsson og Indriða Stefánsson.
Upplestrarmaður var nefndur:
Sigm Baldvinsson.
Málefnanefnd endurkosin.
Þvínæst sagði formaður fundi slitið

Kristján Ágústs Árni Jóhanness
Jónas Guðmunds (fundarstjóri
(Skrifarar)

Sunnudaginn 5 mars 1922 var fundur
settur og haldinn í UMF Höfðstrendinga
Gjörðir fundarins voru þessar.

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykt án breytinga.

2 Kristján ~~Ágústson~~ Ágústsson gat
þess fyrir hönd nefndar þeirrar
er kosin var á síðasta fundi, til
að kynna sér hinar fyrirhuguðu
~~...~~ljósalækningar á Sauðárkróki, að
sagt væri að Jónas læknir hefði að
miklu leiti farið til útlanda, til
að kynna sér þessar lækningar,
og að ýmsir hreppar víðsvegar úr
sýslunni hefðu lofað einhverri
peninga upphæð til fyrirtækisins.
Urðu nokkrar umræður um málið
og vildu sumir láta leita samskota
innan félagsins, en aðrir halda
skemtun og gefa ágóðann af skemt-
-aninni til fyrirtækisins.
Að lokum kom tillaga frá ~~Krist~~
Kristjáni Ágústs. svohljóðandi:
„Fundurinn leggur til, að reynt
verði að halda inntektaskemtun
í félaginu til styrktar Ljóslækninga
-tækjum þeim, sem fyrirhugað er
að setja á stofn á Sauðárkrók, svo
bráðlega sem hægt er og til að koma
þessu í framkvæmd sé kosin 3ja
manna nefnd, sem leyfi hafi til
að leita til félagsmanna með það sem
þeir geti gert.
Var tillagan borin upp og samþykt.
Tillaga frá Skafta Stefánss um að endur
-kjósa nefnd þá ~~er~~ sem starfað hafði
í málinu, var samþykt.

3 Árni Guðmundsson gat þess fyrir
hönd leikfimisnefndarinnar að
ómögulegt hefði verið að fá hús
til að kenna leikfimi í, og væri
því ekki hægt að vinna meira
fyrir það mál.

4 Eyþór Hallsson gat þess að líta þyrfti
eftir því að bókin sú er ungmenna
-félagið ætti væri vel hirt.
Urðu nokkrar umræður um málið
og því svo frestað til næsta fundar.

5 Kristján Ágústsson las upp nafna-
-skrá félagsmanna.

6 Kosnir starfsmenn til næsta
fundar. Í málefnanefnd:
Haraldur Ólafsson með
Agnari Magnúss. og Jónasi
Guðmundss, sem ekki skiludu
af sér á fundinum.
Fundarstjóri Eyþór Hallsson
Skrifarar Jens Ólafsson og
Pétur Jónsson
Upplestrarmaður endurkosinn
Sagði því næst fundarstjóri
fundi slitið.

Jóhannes Stefánss Indriði Stefáns
(fundarstjóri) (skrifari)

Jóhann Evertsson
(fundarstjóri)
Árni Jóhansson
(ritari)

Sunnudaginn 19 mars var fundur
settur í U.M.F. Höfðstrendinga.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1 Lesin upp fundargjörð síðasta
fundar og samþykt.
2 Árni Jóhannsson vakti máls á því
að nauðsynlegt væri að hafa verkstjóra
við bygginguna sundpollsins, einnig
var þess óskað að menn þeir er færu
burtu fyrir þann tíma er hægt yrði
að byrja á verkinu, útveguðu menn
í sinn stað, og gefu nefndinni upp
nöfn þeirra.
3 Var því næst til umræðu fótboltamálið
frá síðasta fundi, urðu um það miklar
umræður er enduðu með tillögu frá
Skafta Stefánss. er svo hljóðaði:
„Fundurinn leggur til að leitað verði
~~saonte~~ samskota meðal félagsmanna
til endurnýjunar fótbolta félagsins.
Sömuleiðis að þeir utanfélagsm. er nota
boltann borgi minnst ~~1~~ eina krónu
árlega, fyrir notkun hans.“
Tillöguna studdi Árni Jóhannsson
og var hún samþykt með meirihluta
atkvæða.

Svohljóðandi tillaga kom frá Petri Jóns.
„Fundurinn leggur til að kosnir séu þrír menn, er sjái um fótboltaæfingar innan félagsins. Heimilt sé henni að taka utanfélagsmenn í flokkinn gegn gjaldi í boltasjóð. Einnig skal nefndin leita samskota innan félagsins. Boltinn skal notaður aðeins með fullu liði.“
Tillagan var feld með 4 atkv. gegn 2.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga.
„Fundurinn leggur til að formanni fótbolta~~félagsins~~ nefndarinnar verði falið að innheimta ársgjald utanfélagsmanna, þeirra er nota boltann, einnig að leita samskota innan félagsins til endurnýjunar honum.“ Tillagan var samþykt.
Þá var skipaður fundarstjóri Bergþ. J. og nefndi hann til ritara Þorstein Stefánsson og Ásmund Einarsson.
Málefnanefnd og upplestrarnefnd endurkosnir.
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði því fundarstjóri fundi slitið.

Petur Jónsson
(Skrifari)

Eyþór Hallsson
(Fundarstjóri)

Sunnudaginn 26 mars 1922 var fundur settur og haldinn í U.M.F. Höfðastrendinga á venjulegum stað og tíma.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breitinga.
2 Árni Guðmundsson gerði fyrirspurn til fundarmanna, hvort þeir vildu kaupa af sér harmonika.
Árni Jóhanness. gerði fyrirspurn um verð á hljóðfærinu. Svarið var 55 til 60 krónur. Var töluvert mikið um málið rætt bæði með og móti, og kom því næst tillaga frá Árna J. studd af Kristjáni A. svohljóðandi:
„Fundurinn leggur til að málinu verði frestað til næsta fundar samkvæmt leifi tilbjóðanda Árna G. Kosnir sjeu þrír menn til að leita sér upplýsinga um verð á harmonikum og skoða þessa sem boðin er, leggi nefndin fram ákveðna tillögu á næsta fundi, og sé málinu þá ráðið til lykta.

Þessir hlutu kosningu: Eyþór Hallsson
Pétur Jónsson og Árni Jóhannsson.
3 Málefni frá Jónasi Guðmundss.
hver væri mestur maður í Njálu?
Urðu um málið nokkrar umræður,
flestir þeirra ~~voru~~ sem töluðu
töldu Kára mestann mann sögunnar.
4 Agnar Magnússon og Haraldur Ólafss.
voru í málefnanefnd og voru mál
þeirra ekki rædd á fundinum
en lögð framm til athugunar
fyrir næsta fund. Málefni frá
Agnari hvort ungmennafélagar
vildu ekki fara skemtiferð í
sumar á sjó eða landi.
Málefni frá Haraldi um skáldin
okkar Íslendinga.
Voru því næst kosnir starfsmenn
til næsta fundar: Fundarstjóri
Jón Vilmundsson og skrifarar:
Árni Guðmundss og Haraldur Ólafss.
Í málefnanefnd Björn Jónsson
Baldvin Ágústs og Baldvin Kristinss
Upplestrarm. Árni Jóhanns. Sagði fund-
-arstjóri fundi slitið. Jónas Guðm
Jóhann Eiríksson Jón Vilmundss
fundarstjóri (skrifarar)

Sunnudaginn þann 9/4 1922 var fundur
settur og haldinn í U.M.F. Höfðstrendinga
á venjulegum stað og tíma.
Gjörðir fundarins voru þessar:
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt
án breitinga.
2 Því næst skilaði nefnd sú af sér, er kosin
var til að athuga harmoniku Árna Guðmundss
og grenslast eftir verði á henni þeim
annarsstaðar, og lagði hún fram svo-
hljóðandi nefndarálit:
„Nefndin leggur hér með til að harmonika
sú er félaginu hefur boðist verði keypt
ef hún fæst fyrir ~~25–30~~ krónur 20–25
en ekki ef verðið fer þar yfir.
Fáist innflutningsleyfi er hægt að fá
nýja harmoniku af sömu gerð, frá erlend-
-um hljóðfærahúsum, fyrir 20–25 kr + porto.“
Um nefndarálitið urðu töluverðar umræður,
og af því Árni Guðmundss neitaði að láta
harmonikuna fyrir þetta verð, voru flestir
fundarmenn eindregið á móti því, að hún yrði keypt
því næst var nefndarálitið borið upp og samþykt
3 Þá kom munnleg tillaga frá Kristjáni Ágúst
svohljóðandi:

„Ervi fundarmenn því samþykkir að
felagið kaupi sér harmoniku, með sem
hagkvæmustum ~~[illegible]~~ kjörum."
Tillagan var samþykt.
4 Því næst að einn maður væri kosinn
til að sjá um kaup á harmoniku og
hlaut Árni Jóhannss kosningu með 17 atkv.
5 Þá var málefni Agnars Magnúss tekið
til umræðu, sem var skemtiferð annað-
hvort á sjó eða landi, um málið urðu
dálitlar umræður og voru flestir á móti
því að skemtiferð yrði farin.
Kristján Ágústs gerði það að tillögu sinni
„að málið yrði tekið út af dagskrá."
og var það samþykt með 11 atkv gegn 8.
6 Því næst lagði Árni Jóh fram reikning
frá skemtinefndinni og var hreinn
ágóði 79,15 krónur
7 Skafti Stefánsson gjörði það að tillögu
sinni „að formanni felagsins yrði falið
að koma peningunum til skila undir
nafni Ungmennafelagsins," það var samþykt
8 Þá var málefni frá Haraldi Ólafss tekið
til umræðu, sem var um ~~skáldin~~ „Góð-
skáldin (Okkar Íslendinga)."

Um málið urðu töluverðar umræður
og var það því næst tekið út af dagskrá.
9 Baldvin Ágústsson lagði fram málefni
til næsta fundar svohljóðandi:
„Hver er besti formaðurinn af ungum
formönnum hér í Hofsós."
10 Þá kom svohljóðandi málefni frá Birni Jónss
„Álítur fundurinn hagnað fyrir landið að
slakað verði til á bannlögunum."
11 Þá kom málefni frá Baldvini Kristinss.
„Hvort menn teldu að til hefðu verið
draugar."
12 Formaður nefndi starfsmenn til næsta fundar
Fundarstjóra Ásmund Einarsson, og nefndi
hann svo til ritara Jóhann Eiríks og Eyþór Hallss
13 Málefnanefnd: Sigm Baldvinss Sigurður Jónss
og Þorsteinn Stefánsson.
14 Upplestrarmaður: Jóhannes Stefánsson
15 Fleira gerðist á fundinum og sagði
því fundarstjóri fundi slitið.
Haraldur Ólafsson Jón Vilmundsson
Árni Guðmundsson (fundarstjóri)
(ritarar)

Ár 1922

Föstudaginn langa var fundur settur og haldinn í U.M.F. Höfðstrendinga á venju legum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt án breitingar

2 Tillaga frá Árna Jóhannssyni svo hljóðandi Fundurinn leggur til frestað verði Draugamálinu og var hún samþykt

3 Pétur Jónsson lagði fyrir fundinn hvort ekki væri rétt að fresta Knattspirnunni sem fram átti að fara á Föstudaginn langa einnig gat hann þess að komið gæti til að Sóknefnd tæki það til meðferðar ef haldið yrði áfram um það urðu misjafnar umræður kom tillaga frá Pétri Jónssyni að málið yrði tekið út af dagskrá og var hún samþykt

4 Tillaga frá Kristjáni Ágústsyni svo hljóðandi. Fundurinn leggur til að Fornmanna málið verði tekið út af dagskrá og var hún samþykt

5 Málefni frá Birni Jónssyni svo hljóðandi verður það hagnaður fyrir landið að slaka til á bannlögunum um málið urðu miklar umræður bæði með og mót og var svo málið tekið út

6 Tillaga frá Kristjáni Ágústs. svo hljóðandi Fundurinn leggur til að fundur verði ekki haldinn fyr en Sunnudaginn annan í Sumri og var hún samþykt

7 Málefni frá Sigurði Jónssyni hvort betra væri að búa í Sveit eða Kaupstað

8 Málefni frá Sigmundi Baldvinssyni Sjálfstraust og Vantraust

9 Málefna nefnd Þorsteinn Stefánsson Bæ
Jósafat Sigfússon
Kristján Ágústs.

til Fundarstjóri: Björn Jónsson Hofsós
ritara Pétur Jónsson
Anton Kjartansson

Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði þá fundarstjóri fundi slitið

fundarstjóri
Hermundur Einarsson

ritara Eiríkur Hallsson
Jóhann Eiríksson

Ár 1922

Sunnudaginn 22. Október var fundur settur og haldinn í U. M. F. Höfðhverfinga gjörðir fundarins voru þessi

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt óbreitt

2 Var tekið til umræðu málefni frá Sigurði Jónssyni hvort betra væri að búa í sveit eða í kaupstað urðu um málið litlar umræður kom tillaga frá framsögumanni Fundurinn leggur til að málinu verði frestað til fjölmennari fundar var tillagan feld Kom önnur frá Árna Jóhannssyni studd af Pétri Jónssyni svo hljóðandi Fundurinn leggur til að landbúnaðar og sjávarútvegsmálinu verði tekið út af dagskrá tillagan var borin upp og samþykkt

3 Málefni frá Sigmundi Baldvinssyni var frestað til næsta fundar

4 Kom Kristján Ágústs með það fyrir fundinn Hvað við gætum gjört til að fjölga fundi hjá okkur í vetur var spurningunni ekki svarað á fundinum og bíður hún því næsta fundar og væri óskandi að þá gjörði eitthvað fundið.

5 Árni Jóhannsson gaf fundarmönnum upplýsingar viðvíkjandi Sundþollsgerðinni og kosnaði við hann

væri mál það er hann hefði með sjer og gat hann þess að málefni sitt geingi svo að segja í sömu átt og mál það er verið var að ræða um Málefni Björns í Bæ er að félagið gangist fyrir blaði innan félagsins Einnig sagði framsögumaður að þetta ætti sér stað víða í félögum annarstaðar og héldi félagsskapnum þar lifandi að miklu leiti en fremur gaf framsögumaður og Árni Jóh. góðar og miklar upplýsingar viðvíkjandi hugum á blöðum í félögum annarstaðar um málið urðu miklar umræður og voru flestir mjög spentir með því kom tillaga frá framsögumanni svo hljóðandi Eru menn með málinu eða ekki atkvæði fjellu þannig að 11 með 3 móti Kom önnur tillaga frá framsögumanni svohljóðandi Fundurinn samþykkir að kosna sjer 3ja manna nefnd er á að sjá um alla hugum á blaðinu hlutu kosningu Björn Jónsson Bæ. Árni Jóhannsson Pétur Jónsson

5 Árni Jóhannsson lýsti því yfir að útlit félagsins væri fjárvant og ekki vonlaust og þar af leiðandi þyrfti að taka mann inn í stjórn og var dregið um það hver það skyldi verða og var dregið upp Pétur Jónsson. 6 Málefni til næsta fundar frá Birni Jónssyni Bæ að haldin verði skemtun milli Jóla og Nýjárs

7 Í málefnanefnd voru nefndir Þorsteinn Stefánsson
Jóhannes Stefánsson Björn Jónsson Hofsós
uppl. maður Árni Jóhannsson fundarstjóri
Jósafat Sigfússon ritari Ingólfur Þorleifsson
Jóhann Eiríksson Fleira gjörðist ekki á
fundinum og sagði því fundarstjóri fundi
slitið

Fundarstjóri Sigurður Símonarson
ritari Eiríkur Hallsson Bjarni Sigurðsson

Sunnudaginn 19/11 1922

Var fundur settur og haldinn í U.M.F.
Höfstrendinga á venjulegum stað og tíma
Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og
samþykt án breytingar

2 Nefnd sú sem kosin var á síðasta fundi
lagði fram nefndarálit sitt skriflega og var
það svohljóðandi

1 gr

Blaðið heitir Fjelaginn

2 gr Útgáfu hefir Ungmennafél. Höfstrendinga
og ber félagið þann kostnað er blaðið kann að
hafa í för með sér 3 gr Ritstjóri blaðsins sé
kosinn til 1 árs í senn hefir hann á hendi
yfirumsjón með blaðinu og tekur á móti
ritgerðum o. fl. er blaðinu kann að berast
og færir það í blaðið. Á ritstjóri heimtingu á
aðstoð félagsmanna við skriftir eftir þörfum

4 gr

Ætlast er til að blaðið flytji ritgerðir sögur
kvæði skrítlur og fleira er að gamni og gagni
getur komið bæði frumsamið og tekið upp
úr öðrum ritum eftir því sem ritnefnd
ákveður

5 gr

Á hverjum fundi skal formaður
tilnefna 3 menn í ritnefnd er eiga að senda
ritstjóra efni í blaðið svo snemma að hægt
sé að innfæra það fyrir næsta fund
Einnig verður með ánægju tekið á móti
efni í blaðið frá utannefndar mönnum

6 gr

Í blaðið má alls eigi setja neitt það er
meiðandi sé fyrir félagsmenn té né aðra eða
orsakað getur sundrung eða óánægju í félaginu
hefir ritstjóri fulla heimild til að neita þeim

greinum viðtöku í blaðið

7 gr.

Ætlast er til að blaðið verði lesið upp í byrjun hvers fundar skal ritstjóri gera það eða í hans stað einhver sá félagsmaður er formaður nefnir til þess. Eftirleiðis fundinum leyfilegt að ræða um það er í blaðinu stendur ef ástæða þykir til

8 gr.

Rísi ágreiningur út af því hvort grein er í blaðinu stendur verði talin móðgandi fyrir einhvern félagsmann eða annan skal vísa því máli til dómnefndar og verða báðir málsaðilar að hlíta úrskurði hennar

9 gr.

Öll deilumál er fyrir kunna að koma skulu hér eftir sem hingað til rædd og útkljáð á fundum félagsins en ekki í blaðinu.

Hofsós 10 Nov. 1922

Björn Jónsson Bæ Pétur Jónsson
Árni Jóhannsson

Kom tillaga frá framsögumanni svo hljóðandi Fundurinn leggur til að stofnað

verði blað með sama fyrirkomulagi og nefndarálit það er lesið var upp og var það samþykkt með 10. mót 7. Kristján Ágústsson gat þess að ekki væri tekinn greinar í blaðið með dulnefni þá kom tillaga frá Birni Jónssyni
Bæ Fundurinn leggur til að menn skrifi í blaðið þó það sé ekki undir fullu nafni en segji ritstjóra hvaðan það sé tekið var það borið upp og samþikt með nær öllum atkvæðum Kom fyrirspurn frá Árna Jóhannssyni hvort blaðið skildi byrja strax og var það samþikt. Því næst var kosin ritstjóri skriflega og féll það svo Árni Jóhannsson 16 atk Konráð Jónsson 3 Björn Jónsson Bæ 2.

Ritnefnd Björn J. Bæ Egill Hallsson Þorsteinn Stefánsson

3ja Árni Jóhannsson gerði fyrirspurn til fundarins hvort ekki ætti að halda skemtun í vetur og var það samþikt með 14 gegn 2 þá var kosin nefnd í málið kosningu hlutu Björn J. Bæ Konráð Jónsson Jónas Guðmu Pétur Jónsson Kristján Ágústsson 4 Kom málefni frá Jóhanni Stefánssyni um tafl æfingar 7 Nefnd form. Fel. til næsta fundar fundarstjóra Kristján Ágústsson og kann til setar

Stefán Guðm. Jónas Guðmundsson
málefnanefnd Ágnar Magnússon
Þorgrímur Hermannsson Sveinn Sigurðsson
upplestrarmaður Pétur Jónsson
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum
og sagði því fundarstjóri fundi slitið
fundarstjóri Jósafat Sigfússon
ritari
Jóhann Eiríksson
Ingólfur Þórleifsson

Sunnudaginn 3 desember 1922

Var fundur settur í U. M. F. Höfðstrendinga
í þinghúsi Hofshrepps

1 Pétur Jónsson las sögu
2 las svo ritari upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt
án breitinga
3 Las því næst fundarstjóri upp svohljóðandi
nefndarálit Nefnd sú sem kosin var til
þess að athuga skemtimál Ungmennafélagsins
hefur athugað málið og ekki séð aðrar leiðir
færar en ef hægt væri að leika einn eða svo
smá leiki urðu talsverðar umræður um álitið
og var það því næst borið upp og samþykkt

4 Kom því næst tillaga frá Árna Jóhannssyni
að fráfarandi nefnd yrði endurkosin og var það
samþykkt Kom einnig tillaga frá Ryli í Bæ
að 2 mönnum yrði bætt við nefndina og var
það samþykkt hlutu kosningu Árni Jóhannsson
með 11 atkvæði Stefán Guðmundsson 9 atkv

6 Las ritstjóri blaðsins Félaginn í fyrsta sinn
upp greinar frá ritnefnd blaðsins og þótti

þad vil á stad fara

7 Kom þá til umræðu tafl mál en var frestað til næsta fundar

8 Minbirt]
*] Á. Jóhannsson á húsbyggingar málið
urðu um það nokkrar umræður og var nefnd
sú sem sat í því máli áminnt um að athuga
hvað hagst væri að gjöra

9 Til umræðu á næsta fundi kaupa á skuggamynda
maskínu

10 Nefndi því næst form. starfsmenn til
næsta fundar fundarstjóra Pétur Jónsson
og nefndi hann til ritara Bjarna Jónsson Hofsá
og Sigurð Jónsson Rætnefnd Jóh. Eiríksson
Agnar Magnússon Jóhannes Stefánsson
Málefnanefnd Ingólfur Þorleifsson
Bjarni Sigurðsson Indriði Guðjónsson
sagði fundarstjóri fundi slitið

Fundarstjóri Kristján Ágústsson

Ritarar Jónas Guðmundsson
Stefan Guðmundsson

Á gamlársdag 1922 var fundur settur og haldinn á
Ungmennafélagi Höfðstrendinga á venjulegum
stað og tíma Gjörðist fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt
án breytinga

2. Því næst bað fundarstjóri upp fyrir meðlimi
Ólaf Þorsteinsson Kristjönu Arnadóttir
Jónönnu Jónsdóttir og var það samþykt

3) Því næst tekið til umræðu Taflmál frá
Jóhannesi Stefánssyni um málið urðu miklar
umræður kom því næst til laga frá framsögum.
svo hljóðandi Eru menn sem þykkir málinu
með óákveðnu fyrir kennslugi og var hún samþykt
var því næst kosin þriggja manna nefnd
hlutu þeir kosningu Jóhannes Stefánsson
Pétur Jónsson
Árni Jóhannsson

4 Tekið til umræðu málefni Agnars Magnússonar
urðu nokkrar umræður um málið kom til laga
frá framsögumanni Fundurinn samþykkir að
málið sje tekið út af dagskrá í þetta sinn

5 Fótbolta mál tekið til umræðu og var það

mikið rætt kom tillaga frá Kristjáni Ágústsyni
svo hljóðandi Fundurinn skorar á nefnd þá sem
kosin var á fundi í fyrra vetur fyrir fótboltamál
fjelagsins að skila svo fljótt frá störfum sínum
sem tök eru á og gjöra það sem rjettast er með
þá peninga sem þegar hafa safnast til
nýrra boltakaupa tillagan var samþykkt
með öllum greiddum atkvæðum

6 Lagði málefnanefnd fram málefni
til næsta fundar um fótboltavöll
þvi næst kaus form. fjelagsins til fundarstjóra
næsta fundar Stefán Guðmundsson
og nefndi hann ritara Jóhannes Stefánsson
Bjarna Sigurðsson
Ritnefnd Sigmundur Baldvinsson
~~Málefna~~ Indriði Guðjónsson Konráð J. Bæ
í Málefnanefnd Ingólfur Þorleifsson
Jóhann Eiríksson Ólafur Þorsteinsson
Fleira gjörðist ekki á fundinum og sagði því

fundarstjóri fundi slitið fundarstjóri

Björn Jónsson Pjetur Jónsson
Sigurður Jónsson
Ritari

Árið 1923 Sunnudaginn 7. janúar
var fundur settur og haldinn í U.M.
F.H. á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og hún samþykkt án breytinga
2 Tekið til umræðu málefni Bjarna
Sigurðssonar um fótboltavöll fyrir
fjelagið. Urðu töluverðar umræður um
málið og kom fram svohljóðandi til
laga frá framsögumanni Óskilegt
væri að málið yrði tekið út af dag
skrá var tillagan síðan borin upp
og samþykkt
3 Tekinn í fjel. einn meðlimur
4 Árni Guðmundsson skýrði frá hvað
fótboltanefndin hefði starfað gat
hann þess hve mikið fje hefði safn
ast til boltans og skýra því viðvíkjandi
Urðu miklar umræður um þetta.
Kom að síðustu svohljóðandi til
laga frá Pjetri Jónssyni studd af
Árna Guðmundssyni Fundurinn leggur til
að formanni fjel. verði falið að kaupa

hinn umrædda bolta af Birni Jónsyni
í Bæ ef hjer sagnaðist til þess. Einnig
skal hann safna því sem vantar, ef mögu-
legt verður. Um tillöguna urðu miklar
umræður var hún síðan borin upp og
feld með 9 atkvæðum mót 4
Önnur tillaga kom fram í þessu máli
frá Birni Jónssyni í Hofsós svohljóðandi
Fundurinn leggur til að fótbolta nefndinni
sje falið að safna því sem vantar af
peningum til boltakaupa og kaupi
boltann svo fljótt sem tök eru á og
~~með~~ svo góðu verði sem kostur er
Bar fundarstjóri tillöguna upp og var
hún samþykt með 10 atkvæðum
gegn 5

5 Málefnanefnd lagði fram mál-
efni til næsta fundar.

6 Pjetur Jónsson gat þess að annan
endurskoðanda ársreikninganna
vantaði því annar sá sem kosinn
hefði verið gæti ekki mætt

7 Björn Jónsson í Hofsós stakk uppá
að Kristján Ágústsson yrði falið
að kjósa starfsmenn til næsta fund-

í forföllum formanns. Kaus hann
Eyþór Hallsson fyrir fundarstjóra og
nefndi hann til ritara Kristján
Ágústson og Jóhönnu Þorsteinsdóttir.
Í málefna nefnd: Pjetur Jónsson, Kristjana
Arnadóttir og Ólafur Þorsteinsson. Sem
látinn var sitja þar sem hann mætti ekki
Í ritnefnd blaðsins þeir sem áður
voru kosnir.
Fleira gerðist ekki á fundinum og
sagði því fundarstjóri fundi slitið

Stefán Guðmundsson
fundarstjóri

Bjarni Sigmundsson
Jóhannes Stefánsson
ritarar

Árið 1923 Sunnudaginn 21 jan.
var aðalfundur U. M. F. H. settur
með 21 fjelagsm. mættum á venjuleg-
um stað og tíma.

Gjörðir fundarins voru þessar

1 Lesin upp fundargjörð síðasta
fundar og hún samþykkt án breytinga
2 Lesin upp úrsögn frá einum fjelagsmeðlim
Jóhönnu Þorsteinsdóttir
3 Lesin upp og reikningar fjel. undirskrifaðir
og samþykktir
4 Lesin upp lög fjel. fyrst öll og svo grein
fyrir grein og hver grein samþykkt.
Við 9 grein laganna kom svohljóðandi
breyting frá Kristjáni Ágústsyni studd
af Árna Jóhannssyni. Sje formaður ekki
mættur skal annarhvor meðstjórnar-
maður hans skipa starfsmenn til
næsta fundar. Því næst skrifuðu þeir
undir lögin sem ekki voru búnir að því
5 Lesin upp fundarsköpum fjel.
6 Því næst fór fram stjórnarkosning skrif-
leg og hlutu þessir kosningu Aðalstj.
Konráð Jónsson með 16 atkvæð
Björn Jónsson Bæ 10 10

Varastjórn Björn Jónsson Hofsós með 7
Jóhannes Stefánsson Bæ — 7
Pjetur Jónsson Tangst. — 5
Jónas Guðmundsson — 4

7 Dómnefnd var kosin og hlutu þessir kosningu
Þorsteinn Stefánsson Bæ
Jónas Guðmundsson Hofsós
Björn Jónsson Bæ
Björn Jónsson Hofsós
Kristján Ágústsson
8 Endurskoðendur næstára reikninga voru kjörnir
þeir Árni Guðmundsson og
Stefán Guðmundsson
9 Árni Guðmundsson skýrði frá að bolti
sá sem stj. nefndinni hefði verið
falið að kaupa væri fenginn. En fremur
gerði hann fyrirspurn til fundarins
hvernig bæri að sjá um hinn nýkeypta
bolta um það urðu töluverðar um-
ræður og kom fram svohljóðandi til-
laga frá Birni Jónssyni Hofsós studd
af Árna Jóhannssyni

Fundurinn leggur til að þessi
nýkeypti bolti verði notaður
á sama hátt og áður hefur

verið í fjel. og sje nefndinni
falið að hafa á hendi umsjón
og pössun á boltanum.

Var tillagan borin upp og samþykkt.
Nefnd sú sem starfað hefir fyrir fót-
bolta málið var endurkosin. Árni Guðmunds-
son spurði eftir hvað nefndin ætti að
starfa og í tilefni af því kom svohljóð-
andi tillaga frá Birni Jónssyni Bæ studd
af Konráði Jónssyni. Fundurinn samþykkir að
fótboltanefnd. U.M.F.H. boði til æfinga
þegar henni lýst hentugast og geymi
boltann þess á milli sjái einnig um við-
gerð á honum ef þess er þörf.
Var sú till. borin upp og samþykkt.

10 Fyrverandi formaður fjel. skýrði frá að þeir
tveir nefndarmenn sem starfað hafa
fyrir húsbyggingamál fjel. hefði gjört
teikningu og reiknað niður verð eftir því sem
hægt væri að komast næst um hvað slíkt
hús mundi kosta. Jónas Guðmundsson
lagði svo fram teikningu af húsi
sem gjört að stærð 18 álnir á lengd og 12 á breidd
og mundi kosta 8000 krónur en viðbót
við þetta hús mundi kosta 4000 krónur

annars var það minna athugað. Um málið
urðu miklar umræður. Að síðustu kom
tillaga frá Birni Jónssyni Bæ studd
af Konráði Jónssyni svo hljóðandi
Fundurinn samþykkir að kjósa 5 manna
nefnd sem athugi húsbyggingamál U.M.
F.H. svo vel sem mögulegt er og leggi svo
nefndarálit sitt fyrir annan fund. Till.
þá var till. borin upp og samþykkt og
hlutu þeir kosningu þessir Björn Jónsson
Bæ, Árni Jóhannsson Hofsós, Jónas Guðm.
Hofsós, Kristján Ágústsson Hofsós og Björn
Jónsson Hofsós. Því næst var málið tekið
út af dagskrá þessa fundar með sam-
þykki fundarmanna

11 Næst var til umræðu taflmálið var
lesið upp nefndarálit svohljóðandi
Nefndin skorar á Ungmennafjelags-
meðlimi að æfa sig innbirðis í skáktafli
til dæmis með því að skora hver á ann-
an að tefla með það fyrir augum
að síðar meir kynni að verða veitt verð-
laun þeim er dæmdur yrði færastur
í íþrótt þessari. Nefndarálitið

atkvæðum
var samþykkt með öllum greiddum
12 Sigurður Jónsson gerði fyrirspurn til
fundarins hvort ekki mundi tilhlýði-
legt að reyna það að halda uppi afmæli
fjel. í vetur var því vel tekið og kosin
5 manna nefnd til að sjá um fram-
kvæmdir á skemtun á afmæli fjel. ef
tök væri, og hlutu kosningu þeir
Sigurður Jónsson Jóhannes Stefáns.
Björn Jónsson Bæ og Björn Jónsson
Hofsós Stefán Guðmundsson Hofsós
Fleyri mál komu ekki fyrir fundinum
og voru því kosnir starfsmenn til
næsta fundar til fundarstjóra Eyþór
Hallsson og nefndi hann til ritara
Kristján Ágústsson Í málshefjanefnd:
Pjetur Jónsson Kristbjörg Árnadóttir
Ólafur Þorsteinsson Í ritnefnd.
blaðsins Björn Jónsson Hofsós
Baldvin Kristinsson Bjarni Sigurðss.
Upplestur á blöðunum gat ekki farið
fram sökum þess að ljós á hótelinu
í fundarsalnum voru í [illegible]
Fleyra gerðist ekki á fundinum og sagði
fundarstjóri fundi slitið

Árni Jóhannsson Kristján Á.
fundarstj. Jóh. Stefánsson
ritarar

Sunnudaginn þ. 4 febr. 1923 var fund-
ur settur og haldinn í Ungmenna
fjelagi Höfðstrendinga á venjuleg-
um stað og tíma Fundinum stýrði
hinn kjörni fundarstjóri Eyþór
Hallsson og voru gjörðir fundarins
þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta
fundar og hún samþykkt án
breytinga.
2 Í fjelagið gengu þessir meðlimir
Björn Jónsson Hóli Sigurbjörg
Halldórsdóttir í Brekkukoti og
Vernharð Karlsson [illegible]
3 Þá tók til máls Ingólfur Þorleifsson
og talaði um garðrækt. Taldi hann
áræðan æskilegt og sjálfsagt
að fjelagið gengist fyrir því að
koma upp lítilsháttar gróðrar-
stöð. taldi kostnað þann er leiddi af þessu
ekki til finnanlegan fyrir fjelagið þar sem
meðlimir sjálfir gætu unnið að því að gera
jörðina og fleyra þar að lútandi. Eftir
alllangar umræður um málið kom
fram tillaga frá framsögumanni

studd af Jóhanni Eiríkssyni
Tillagan var svohljóðandi

"Framsögumaður málsins
"skorar á fundinn að kjósa
"3ja manna nefnd til þess
"að athuga málið

Um tillöguna urðu nokkrar umræður
töluðu tveir af fundarmönnum þeir
Björn Jónsson og Árni Jóhannsson
að tillagan væri tæplega tímabær
og því óþörf, vegna þess að stórmál
lægi fyrir sem myndi taka krafta
fjelagsins alla og óskifta en voru þó
sjálfir málinu fremur hlyntir
en töldu framkvæmdir hvers máls
ins hljóta að ganga á undan Framsögu
maður mótmælti þessu kvað það
ráðlegt, að vera á móti þessu máli
tóku fleyri í sama streng og kváðu
það vera ókurteisi gagnvart fram
sögumanni að tala á móti málinu
Því næst var tillagan borin upp og
samþykt, með 12 atkv. á móti 6
kosningu hlutu

"Ingólfur Þorleifsson
"Jóhann Eiríksson
"og Árni Jóhannsson

4. Tók þá til máls Pjetur Jónsson fyrir
hönd málefnanefndar minntist
hann á frumvörp stjórnarinnar
um sameining sýslumanna em
bætta og óskaði eftir að fundarmenn
ljetu til sín heyra um það hvernig
þeim litist á þá sameiningu, sjer
staklega með tilliti til Skagafjarðarsýslu
og Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu
og Siglufjarðarkaupstaðar Urðu um
málið dálitlar umræður en engin
tillaga kom fram og var því málið
tekið út af dagskrá með samþykt
fundarins

5 Voru þá kosnir starfsmenn til næsta
fundar gerði það aðalritari fjelagsins
þar eð formaður var fjarverandi Nefndi
hann til fundarstjóra Ingólf Þorleifsson
og kaus hann sjer til ritara Jónas Guðm.
og Pjetur Jónsson Í málefnanefnd voru
skipaðir Sigurður Símonarson
Baldvin Kristinsson og Sigmundur

Baldvinsson og í varastjórn Fjelagsins Pjetur Jónsson Jónas Guðmundsson og Sigurð Símonarson

6 Var þá lesið upp eitt blað af Fjelag annar gerði aðalritari það vegna þess drukkstjórinn skrapaði og sagði ekki vera hás

Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði þá fundarstjóri fundi slitið

fundarstjóri

Eyþór Hallsson

Kristján Ágústsson

Árni Jóhannsson

ritarar

Sunnudaginn 25. febr. 1923 var auka fundur settur og haldinn í Ungmennafjelagi Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma

Gjörðir fundarins voru þær

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykkt án breytinga

2 Í Fjelagið gengu þeir Steinþór Jónsson Grafargerði og Gunnlaugur E. Mýrakoti

3 Lesið upp fundarboð frá U.M.F. Tindastól á Sauðárkrók ~~verður að öllu forfallalausu~~ svo hljóðandi Að tilhlutun U.M.F. Tindastól á Sauðárkrók verður að öllu forfallalausu haldinn fundur hjer á staðnum Miðvikudaginn þ. 7/3 í sýslufundarvikunni og er hjer með U.M.F. í Hofsós boðið þátttaka í fundi þessum þannig að sendir sjeu fulltrúar fyrir hverja 15 úr fjelaga. Vanti 5 til að fylla þá tölu til að senda 2 eða fleyri fulltrúa er leyfilegt að senda fyrir það brot sjeu fjelagar fleiri en 15 án sje sendur einn fulltrúi. Fundarefni nánari samvinna meðal Ungmenna hjeraðsins Heimilt er öðrum fjelögum en fulltrúum að sitja fundinn

hafi þar til sýnis fjelagsskýrteini hafa þeir
þar málfrelsi og tillögurjett en atkvæðis
geta ei aðrir neitt en fulltrúar

Sauðárkróki 13/2 1923 Víðingarfjel.

Friðrik Hansen Páll Jónsson
G. Sveinsson Jón G. Guðmanns
Pjetur Hannesson

Var fundar boð þetta eftir miklar umræður
og endurbætur með tillögu frá Árna Jóhannssyni
fundurinn samþykkir að kosnir sjeu 2 fulltrú-
ar er sendir verði á hinn áður nefnda fund.
Tillagan borin upp og samþykt. Kosningu hlutu
Björn Jónsson Bæ með 14 atkvæði Kristján Ágústsson
með 13 næstir Pjetur Jónsson með 9 og Björn Jóns
í Hofsós með 4 atkvæði. Að lokinni kosningunni bað
fulltrúi Kristján Ágústsson um orðið og óskaði
eftir að fundarmenn gætu upplýst ef það væri eitt-
hvað er þeir vildu að fulltrúar flyttu á hinum
umrædda fundi var engum er hafði neitt til fram
að fara og var því málið tekið út af dagskrá
4 Sigurður Jónsson bað því næst um orðið og gat
þess fyrir hönd skemtinefndar þeirrar er kosin
var á Aðalfundi þessa árs að hún teldi sjer tæpast
fært að halda áfram með þessa skemtun sökum
þess að hún hafði heyrt óánægju frá ein-

stöku fjelagsmönnum og krafðist þess að fundar
menn gætu til sýnis heyra hvort halda skyldi
áfram með skemtunina eða ekki um málið urðu
miklar umræður og kom þá tillaga frá Pjetri
Jónssyni studd af Eiríki Hallssyni svohljóðandi
Fundurinn samþykkir að hætt verði við hina
umræddu afmælisskemtun fjelagsins til-
lagan var feld með 14 gegn 7. Kom önnur
tillaga frá Birni Jónssyni Bæ svohljóðandi
Fundurinn samþykkir að ekki sje haldið
áfram með umrædda afmælisskemtun en
aftur verði skemtun haldin innan fjelagsins
með sama fyrirkomulagi tillagan var
studd af Árna Jóhannssyni borin upp og
samþykt með 14 gegn 7 — kom þá þriðja
tillagan frá Árna Jóhannssyni studd af
Kristjáni Ágústssyni svohljóðandi Fundurinn
leggur til að nefnd sú er áður hefur verið
kosin starfi áfram að skemtun innan
fjelagsins innan mánaðar tíma frá til-
lagan var samþykt með 7 atkv. Nefndi
því næst formaður starfsmenn til næsta
fundar fundarstjóra Sigurð Jónsson og
nefndi hann til ritara Bjarna Sigurðsson
Ás og Þorstein Stefánsson Bæ. Málefna

hafi þar til sýnis flaggskýrteini hafa þeir
það málfrelsi og tillögurjett en atkvæðis
geta ei aðrir neitt en fulltrúar

Sauðárkrók 13/2 1923 Víkingafjelagið
Friðrik Hansen Páll Jónsson
G Sveinsson Jóel Guðmanns
Pjetur Hannesson

Annar fundar bar þetta undir miklar umræður
og endaðu með tillögu frá Arna Jóhannssyni
Fundurinn samþykkir að kosnir sjeu 2 fulltrú
ar er sendir verði á hinn áður nefnda fund.
Tillagan borin upp og samþykt. Kosningu hlutu
Björn Jónsson Ba með 14 atkvæði Kristján Ágústson
með 13 næstir Pjetur Jónsson með 9 og Björn Jónss
í Hofsós með 5 atkvæði. Að lokinni kosningu bað
fulltrúi Kristján Ágústson um orðið og óskaði
eftir að fundarmenn Gætu upp ef það væri eitt
hvað er þeir vildu að fulltrúar flyttu á hinum
umræddafundi var enginn er hafði neitt fram
að fara og var því málið tekið út af dagskrá
4 Sigurður Jónsson bað því næst um orðið og gat
þess fyrir hönd skemtinefndar þeirrar er kosin
var á Balfundi þess árs að hún teldi sjer lagast
fært að halda áfram með þessa skemtun sökum
þess að hún hafði heyrt óánægju frá ein

stöku fjelagsmönnum og krafðist þess að fundar
menn Gætu til syn heyra hvort halda skyldi
áfram með skemtanirnar eða ekki um málið urðu
miklar umræður og kom þá tillaga frá Pjetri
Jónssyni studd af Eiríki Hallssyni svohljóðandi
Fundurinn samþykkir að halt verði við hina
umræddu afmælisskemtun fjelagsins til
lagan var feld með 14 gegn 7 Kom önnur
tillaga frá Birni Jónssyni Ba svohljóðandi
Fundurinn samþykkir að ekki sje haldið
áfram með umrædda afmælisskemtun en
aftur verði skemtun haldin innan fjelagsins
með sama fyrirkomulagi tillagan var
studd af Arna Jóhannssyni borin upp og
samþykt með 14 gegn 7 – kom þá þriðja
tillagan frá Arna Jóhannssyni studd af
Kristjáni Ágústssyni svohljóðandi Fundurinn
leggur til að nefnd sú er áður hefur verið
kosin starfi áfram að skemtun innan
Fjelagsins innan mánaðar hjer frá til
lagan var samþykt með 7 atkv. Nefndi
því næst formaður starfsmenn til næsta
fundar fundarstjóra Sigurð Jónsson og
nefndi hann til ritara Bjarna Sigurðsson
S og Þorstein Stefánsson Ba Málefna

nefnd en áður kosin Ritnefnd blaðsins
Jósafat Sigfússon Þórð Jóhann Sigfússon
Þórð Ólaf Þorsteinsson Hofsós
Var fyrst lesið upp úr Fjelagsanum
Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði
því fundarstjóri fundi slitið

Fundarstjóri — ritarar
Jóhannes Stefánsson — Pjetur Jónsson
Bæ — Eiþór Hallsson

Árið 1923 Sunnudaginn 3 marz
var fundur settur og haldinn í Ungmenna
fjel. Höfðstrendinga á venjulegum stað
og tíma

Gjörðir fundarins voru þessar
1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar
og samþykkt án breitinga
2 Björn Jónsson lagði fram nafna
lista, bað þá sem taka vildi þátt í
hinni fyrirhuguðu skemtun að setja
merki við nafn sitt. Og voru allir þeir er
mættir voru á fundinum því samþykkir
nema þrír menn.
3 Í fjelagið gengu þeir Ólafur Eiríksson
og Sigþór Guðjónsson
4 Nefnd sú er starfað hefir í húsbygg
ingarmálinu skýrði frá gjörðum sínum
Gat hún þess að hún hefði talað við landeiganda
og að hann hefði gefið upp að fjel. yrði að
borga 40,00 á ári í grunnleigu
Var mikið um þetta rætt og voru flestir fund
armenn á sama máli með að óráðlegt væri að legg
út í slíkt að Stöðum. Kom því næst svohljóðandi
tillaga frá Árna Jóhannssyni studd af Jónasi
Guðmundssyni. Fundurinn leggur til að

húsbyggingu fyrir fjel. verði frestað að minsta
kosti þetta ár, þar eð byggingarefni er
sem stendur í háu verði og taplega fært
fyrir fjel. að leggja út í slíkt, eins stendur
en reyna af fremsta megni að safna sem
mestu fyrir hina fyrirhuguðu bygging
þanga til tekið verði til starfa. Var tillagan
síðan borin upp undir atkvæði og samþykt
með 16 atkvæðum gegn 10—

5 Svohljóðandi till. kom frá Pjetri Jónssyni
studd af Ingólfi Þorleifssyni

" Fundurinn samþykkir að fulltrú
" ar þeir er kosnir voru á síðasta
" fundi greiði atkvæði móti sam
" bandi fjelaganna hafi það kostn
" að í för með sjer eða bindandi
" heit komi þau mál til athug
" unar á fundinum.

Um till. urðu miklar umræður var
hún því næst borin upp og feld. og kom
fram breitinga till. frá Árna Jóhannssyni
studd af Birni Jónssyni Bæ

" Fundurinn samþykkir að gangi
" sig í samband. Ungmenna fjel.
" hjeraðsins (ef stofnað verður)

" þó svo að árlegt tillag fari ekki
" framúr 10 krónum — tíu krónum

Að því búnu var till. borin upp og sam—
þykkt með miklum meyri hluta atkvæða
kosin upp fjelaginu. Var þar ein grein sem
vakti almennar umræður og ágreining og voru
það flestir sem móti þessari grein voru sem
heimtuðu að nafn greinar höfundarins
væri látið uppi

7 Kosnir starfsmenn til næsta fundar var
Þorsteinn Stefánsson Bæ tilnefndur
fundarstjóri og nefndi hann til ritara
Björn Jónsson í Hofsós og Sigurð Sigmarsson
Mál[illegible]nefndin endurkosin. Til að rita í
blaðið Árna Jóhannsson Vernharð Karlsson
og Ingólf Þorleifsson Hofsós

Fleira gerðist ekki á fundinum og sagði
því fundarstjóri fundi slitið

Þorsteinn Stefánsson Sigurður Jónsson
Bjarni Sigurðsson fundarstjóri
ritarar

Sunnudaginn 18 marz 1923 var fundur settur og haldinn í Ungmennafjel. Höfðstrendinga á venjulegum stað og tíma fundinum stýrði hinn kjörni fundarstjóri Þorsteinn Stefánsson Bæ.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og hún samþykt án litilla breitinga

2 Fyrirnast gat ritstjóri blaðsins þess að blaðið væri ekki til. til upplesturs en gat þess að hann hefði skemtilega smásögu sem hann ætlaði að lesa upp og fór fyrirnast sögu upplesturinn fram

3 Varð svo þögn í fundarsalnum þar til Árni Jóhannsson tók til máls og sagði úr því engin mál lægu fyrir fundinum þá væri æskilegast að annar sá fulltrúi sem sendur hefði verið til Sauðárkróks og væri hjer staddur Gæti eitthvað til sín heyra.

4 Kristján Ágústsson tók þá til máls og skýrði frá þeim málum sem höfðu verið á dagskrá hjá þeim á Sauðárkróks fundinum 7 og 8 marz og las hann upp útdrátt úr fundargjörð Einig kvaðst hann fús til að gefa þær upplýsingar sem hann gæti ef menn óskuðu þess. Ennum þetta urðu mjög litlar umræður gat Kristján Ágústsson þess að Röntgensgeislamálið biði næsta fundar til umtals gat Árni Jóhannsson þess að svolítill sjóður væri til sem ætti að verja til geislanna og kom fyrirspurn frá Árni Jónssyni hvort það væri sjer sjóður eða ekki og skýrði Árni Jóhannsson svo frá að það væri sjer sjóður. Lagði fyrirnast fulltrúi fram Reykning yfir kostnað á veru sinni á Hótel Tindastól og nam hann 25 kr en gerði ekki fjel. reikning fyrir nema 15 kr. Um það urðu tölu verðar umræður kváðust sumir af fundarmönnunum hafa komist að fyrri niður stöðu að þegar fulltrúarnar hefðu verið kosnir þá hefði verið búist við minni útgjalda til fyrir fjel. gat fulltrúi þess að ef brúkaðar yrðu óþarfa umræður um þessa upphæð mundi hún síst verða úngud var fyrirnast reiknings umræðunum lokið

5 Pjetur Jónsson gerði fyrirspurn til fundarins hvort nokkuð væri hægt að gera fyrir sundkenslu. Um það urðu dálitlar umræður kom fyrirnast tillaga frá Árna Jóhannssyni studd af Konráði Jónssyni Fundurinn samþykkir að kjósa 3 menn til þess að reyna að koma sundkenslu á við sund.

poll fjelagsins á næstkomandi vori Einnig sje þeim mönnum falið að gera samninga fyrir eign eða leigu þess staðar & sundpollur sem var byggður. Hafi nefndin óbundnar hendur og allar framkvæmdir þessara mála
Var till. dálítið rædd þar til hún var borin upp og samþykkt, með 16 mót 6 atkvæðum
Þar næst kom önnur till. frá Pjetri Jónssyni studd af Árna Guðmundssyni
Fundurinn samþykkir að kosin sje 3ja manna nefnd & sjái um sundkenslu á komandi vori einnig sje nefndinni falið að leita samninga við landseiganda um kaup eða leigu á hinu umrædda landi. Og var hún borin upp og feld með 14 gegn 8 atkvæðum Fór þá fram frankosningin og hlutu þeir kosna. Árni Jóhannsson Jóhann Eiríksson og Konráð Jónsson
6 Næst tók Sigurður Jónsson til máls og skýrði frá að skemtun sú sem fram átti að fara innan fjelagsins gæti ekki fram farið gat hann þess að Björn Jónsson gerði grein fyrir því sem hefði komið inni það til hindrunar. Og gat Björn Jónsson þess að einu nefndar manninum væri á förum til Sauðárkróks til lækninga, og teldi ekki tilhlíðilegt að fara að halda skemtunina meðan á því stæði á samt fleyri ágreiningum sem hann taldi upp til hindrunar